

Stjórnarfundur í FUM var haldinn mánudaginn 31. október kl. 15:30

í fundarherbergi Félagsvísindadeildar í Odda.

Mætt voru: Guðný Guðbjörnsdóttir, Hafþór Guðjónsson, Jóhanna Rósa Arnardóttir, Ragnar F. Ólafsson, Þórdís Þórðardóttir. Kristjana Stella Blöndal, mætti seint á fundinn og því ritar formaður fundargerð.

Dagskrá:

1. Staða mála varðandi tímarit Fum 2005.

Ragnar F. Ólafsson ritstjóri gerði grein fyrir stöðu mála varðandi fjölda innkominna greina, sem nú væru í ritryningarferlinu.

Rætt var um að hafa útlit tímaritsins óbreytt, með breyttum litum.

Ragnar var beðinn um að koma með fjárhagsáætlun fyrir næsta tbl. á næsta stjórnarfund.

Áætlaður útkomudagur næsta tbl. er á árinu 2005, í seinasta lagi snemma í janúar 2006.

Rætt var um að tímaritið yrði póstað til félagsmanna sem hafa greitt félagsgjöld.

Lögð var mikil áhersla á að koma tímaritinu út á réttum tíma, frekar en að bíða eftir lagfæringu einstakra greina, sem yrðu þá að bíða til næsta tölublaðs.

2. Staða mála vegna ráðstefnu Fum 2005.

Útsending á dagskrá. Hafþór gerði grein fyrir þeim athugasemdum sem borist höfðu, tvö erindi voru dregin tilbaka og einu, sem barst of seint, var bætt við.

Rætt var um fyrirkomulag skráningar. Jóhönnu Rósu falið að ræða við Michael Dal, til að kynna sér fyrirkomulagið frá því í fyrra og setja skráningu síðan á heimasíðu.

Ráðstefnubæklingur. Rætt var um að gera svipaðan bækling og 2003. Ákveðið að ganga frá efninu endanlega á næsta fundi undirbúningsnefndar, þ.e. endanlegri dagskrá, ávarpi formanns og útdráttum. Athuga þarf með styrktaraðila, til að geta nefnt þá í ritinu. Ekki hafa borist svör enn við öllum styrkbeiðnum.

Frágangur útdráttar. Ákveðið var að Hafþór komi þeim í ráðstefnubæklinginn, þó þannig að prentvillur og fleiri augljósar misfellar væru lagfærðar.

Guðný tók að sér að gera drög að leiðbeiningum fyrir flytjendur og málstofustjóra fyrir næsta fund undirbúningsnefndar.

Rætt var um kynningu á ráðstefnunni í fjölmiðlum, á póstlistum og á vef og póstlista FUM. Ákveðið að ganga frá heildaráætlun á næsta fundi undirbúningsnefndar.

Þórdís sagði frá undirbúningi varðandi menningaratriði og aðstöðuna á ráðstefnudegi. Hún tók að sér að ráða málstofum á stofur. Stella mun sjá um innkaup á kaffimeðlæti og servíettum fyrir ráðstefnudaginn.

3. Fjármál

Staðan í innheimtu gíróseðla. Gjaldkeri upplýsti að innheimta gíróseðla væri góð.

Að loknum stjórnarfundum hittist undirbúningsnefnd ráðstefnunnar, en þar sitja stjórnarmenn eingöngu.

Næsti fundur undirbúningsnefndar var síðan boðaður 7. nóvember 2005, kl. 15 í fundarherbergi félagsvísindadeildar í Odda.